

Lúsin

Eins og foreldrar hafa orðið varir við hefur aðeins orðið vart við lús hjá okkur í haust. Það er afar mikilvægt að slaka ekki á og halda áfram að kempa reglulega og láta skólann vita ef upp koma tilfelli þannig að hægt sé að gera öðrum foreldrum einnig viðvart.



Breytingar á mataráskrift

Við minnum á að ef um er að ræða breytingar á mataráskrift nemenda þá þurfa tilkynningar um það að hafa borist í íbúagátt Kópavogs fyrir 20. hvers mánaðar ef þær eiga að taka gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

Kæra skólasamfélag

Þá er október genginn í garð og skólastarfið gengur sinn vanagang. Að venju eru nokkrir kennslulausir dagar í október, þ.e. starfsdagur og vetrarleyfið í lok mánaðarins. Starfsdagurinn 6. október er sem endranær nýttur til fræðslu og samráðs starfsmanna en þetta er líka annar af tveimur starfsdögum Hörðuheima á skólaárinu og því er lokað þar þennan dag. Það hefur verið venjan að hafa viðtalsdag í október en við gerð skóladagatala þessa skólaárs ákváðum við að breyta til, taka tvo daga fyrir viðtöl í janúar og gefa okkur betri tíma til viðtala á þeim tímamarki. Þess í stað höfum við „opna viku“ í október þar sem foreldrar eru hvattir til heimsóknna í skólann og færi gefst á að bóka viðtal við umsónarkennara fyrir þá sem það vilja. Fyrirkomulagið á þessu verður auglýst betur áður en langt um liður. Vetrarleyfið er svo á sínum stað í lok mánaðar og við minnum á að dægradalir bæjarins eru lokaðar í vetrarleyfum skólanna.

Foreldrafélag skólans beitti sér fyrir því nú í byrjun skólaársins að fram kæmu betri svör en áður höfðu fengist varðandi væntanlegan íbúðafjölda í hverfinu þegar upp er staðið og þar af leiðandi hvaða nemendafjölda megi vænta á næstu árum. Nú hafa svör borist við þessu og er niðurstaðan sú að rúmlega 140 íbúðir muni bætast við í skólahverfinu á næstu árum, þar af verður meirihlutinn væntanlega tekinn í notkun strax á næsta ári. Það gerir að verkum að hugsanlega mun nemendafjöldi fara yfir 1000 strax næsta haust og verða um og yfir 1050 næstu árin en nú eru líðlega 900 nemendur í skólanum. Nú er verið að vinna nánar upplýsingar vegna þessa en svo þurfum við að endurskoða áætlanir okkar varðandi húsnæðismál skólans og ákveða hvaða aðgerða sé þörf.

Framkvæmdir við tengibyggingu milli lausu kennslustofanna sem hýsa 7. bekkinn í vetur hafa dregist verulega og er útlit fyrir að þeim ljúki ekki að fullu fyrr en í nóvember, sem er miður. Að öðru leyti gengur skólastarfið prýðilega fyrir sig og útlit fyrir gott og árangursríkt skólaár hjá okkur í vetur.

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Brons á Norðurlandamótinu í skák

Norðurlandamótið í skólaskák fór fram að Laugum í Sælingsdal 22.-24. september sl. Þátttökulið voru sex í hvorum aldursflokki; tvö frá Íslandi og eitt frá hverju hinna Norðurlandanna. Norðmenn báru sigur úr bótum í báðum flokkum. Í yngri flokki (1.-7. b.) fóru leikar þannig að norsk sveit varð í fyrsta sæti, sænsk sveit í öðru en sveit Ölduselsskóla í þriðja sæti.

Í eldri flokki varð einnig norsk sveit í fyrsta sæti, dönsk í öðru en í þriðja sæti var okkar lið. Hörðuvallaskóli hafði forystu fram að síðustu umferð en þá tapaði sveitin fyrir firnasterkum Dönum og hafnaði í þriðja sæti. Þetta er prýðilegur árangur einkum þegar þess er gætt að drengirnir eru á fyrsta ári í eldri flokki og eiga því tvö ár eftir. Það gengur örugglega enn betur næst! Sveit Hörðuvallaskóla var þannig skipuð: Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Sverrir Hákonarson, Benedikt Briem og Óskar Hákonarson. Sjá nánar á <http://skak.blog.is/blog/skak/entry/2203285/>



Vinaliðaverkefnið hefst á miðstigi skólans

Í vetur munum við hefja svokallað "Vinaliðaverkefni" á miðstigi skólans en það felur í sér að fulltrúar nemenda úr öllum bekkjardeildum í 5.-7. bekk taka að sér að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni í frímínútunum miðstigsins auk þess að halda utan um leikmuni sem notaðir eru, fylgjast með að enginn sé útundan og láta vita ef þeir sjá eitthvað sem betur má fara. Nemendur tilnefna vinaliða úr sínum hópi sem gegna hlutverkinu hálfan veturinn en svo eru aftur tilnefndir vinaliðar sem gegna þá hlutverkinu til vors. Vinaliðaverkefnið er norskt að uppruna og hefur sannað gildi sitt bæði þarlendis og hérlandis en fjölmargir íslenskir skólar hafa tekið verkefnið upp á síðustu misserum með aðstoð starfsfólks Árskóla á Sauðárkróki sem aðstoðar skóla við innleiðinguna. Í síðustu viku var námskeið fyrir vinaliðana okkar þar sem þeir lærðu leiki og voru undirbúnir fyrir starfið framundan og er meðfylgjandi mynd einmitt tekin á námskeiðinu. Vinaliðaverkefnið mun svo formlega hefjast miðvikudaginn 8. október þegar vinaliðar taka til starfa í frímínútum í fyrsta sinn.



Starfsáætlun og umbótatillögur

Nú höfum við birt starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2017-2018 á heimasíðunni okkar. Nálgastr má ritið beint á slóðinni:

http://www.horduvallaskoli.is/media/skolanamskra/starfsaaetlun_2017_2018.pdf

Í starfsáætlun eru teknar saman helstu upplýsingar sem varða skólastarfið ár hvert og er hún hluti af skólanámskrá skólans. Meðal þess sem birtist í áætluninni er yfirlit yfir helstu verkefni skólaársins en með hliðsjón af matsgögnum frá síðasta vetri höfum við sett niður eftirfarandi umbótatillögur fyrir þetta skólaár:

Ágúst 2017:

- Gátlisti um móttöku nýrra starfsmanna gerður og tekinn í notkun
- Læsisstefna tekin í notkun, læsisstundir á stundaskrá hjá öllum nemendum
- Bókakostur bókasafns aukinn með stuðningi Foreldrafélagsins
- Fræðsla um nýja kynslóð mentor og gerð kennsluáætlana með hliðsjón af hæfniviðmiðum
- Hinsegin fræðsla, skyndihjálparnámskeið o.fl. skv. endurmenntunaráætlun
- Tekið upp breytt skipulag samstunda
- Breytt skipulag starfsmannafunda
- Starfsemi Starfsmannafélags skólans endurskipulögð
- Húsnæði unglingadeildar endurskipulagt
- Tölvuútskipti fara fram, hluti kennara fær fartölvur til afnota og fjölbreyttari búnaður tekinn í notkun

September 2017:

- Starfsmönnum skipt í umsjónarhópa og starfsmannasamtöl stjórnenda og heimsóknir í kennslustofur hefjast
- Nemendasamtöl umsjónarkennara hefjast - regluleg viðtöl umsjónarkennara við umsjónarnemendur
- Fulltrúar nemenda í skólaráð kjörnir
- Foreldrafélag hefur birtingu fundargerða á heimasíðu skólans
- Vinaliðaverkefni á miðstigi fer af stað
- Unnin samskiptastefna milli heimila og skóla
- Námslotur í mentor með tengingum við hæfniviðmið aðalnámskrár birtar nemendum og foreldrum

Október 2017

- Lokið við gerð samskiptastefnu milli skóla og heimila og hún kynnt
- Stefna um heimanám endurskoðuð og kynnt
- Fræðsla til starfsmanna um samskipti og bekkjafundi
- Bekkjafundir teknir upp skv. ákveðnu sniði
- Upplýsingaskjái á kaffistofum teknir í notkun
- Fræðsla til foreldra um mentor og Goggle classroom
- Tengibygging við stofur 7. bekkjar tekin í notkun

Nóvember 2017:

- Lokið við gerð heildstæðrar áætlunar um stoðþjónustu og hún kynnt
- Skólareglur endurskoðaðar og kynntar
- Skólaþing á mið- og unglingastigi

Desember 2017:

- Tekið upp breytt fyrirkomulag á prentun og aðgengi starfsmanna að prenturum

Janúar 2018:

- Hafin vinna við áhugasviðsverkefni á mið- og unglingastigi
- Litla upplestrarkeppnin tekin upp í 4. bekk
- Foreldraviðtöl dreifast á tvo daga, nýtt námsmatsform kynnt fyrir foreldrum

Febrúar 2018:

- Formleg starfsþróunarsamtöl stjórnenda við starfsmenn, aukin áhersla á markvissa starfsþróun starfsfólks

Mars 2018:

- Lokið við áætlun um endurbætur á skólalóð og húsnæðisáætlun endurskoðuð
- Hönnun lokið vegna flutnings bókasafns sumarið 2018
- Kafla skólanámskrár um samskipti við framhaldsskóla, tónlistarskóla o.fl. unninn

Apríl 2018:

- Námsferð starfsfólks erlendis – fræðsla um núvitund og notkun hennar í skólastarfi
- Símenntunarstefna endurskoðuð
- Útikennsla – fræðsla, umræður og undirbúningur undir næsta skólaár

Maí 2018:

- Vinnu við forvarnaráætlun lokið
- Jafnréttisáætlun endurskoðuð
- Heimasíða endurskoðuð og endurskipulögð, upplýsingar um skólastarfið birtar á fleiri tungumálum

Júní 2018:

- Markviss skráning á sí- og endurmenntun starfsmanna hafin
- Bókasafn í Baugakór flutt og endurskipulagt
- Vinnuáðstaða kennara í Baugakór endurskipulögð

Varðandi eineltisáætlun skólans - upplýsingar fyrir foreldra

Í Hörðuvallaskóla leggjum við áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og við leitum allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Í því skyni styðjumst við m.a. við eineltisáætlun skólans sem finna má á heimasíðunni eða beint á slóðinni: <http://www.horduvallaskoli.is/aaetlanir/eineltisaetlun/> Auk þess er stöðugt ýmis önnur fyrirbyggjandi vinna í gangi af ýmsu tagi. Hér á eftir má finna nokkra punkta úr áætluninni sem gott er fyrir foreldra að skoða.

Foreldrar – er barn ykkar lagt í einelti?

Mögulegar vísbendingar:

- Barnið virðist einangrað eða einmana
- Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi og einkunnir lækka
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið
- Barnið skrópar og/eða kemur of seint
- Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni
- Árásargirni og erfið hegðun
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát
- Líkamlegar kvartanir
- Áverkar, rifin fót og/eða skemmdar eigur
- Barnið týnir peningum og/eða öðrum eigum
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að



Hvað getið þið gert?

- Rætt við og hlustað á barnið segja frá starfinu í skólanum og ferðum til og frá skóla
- Haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda
- Brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju
- Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu

Foreldrar - er barn ykkar gerandi?

Mögulegar vísbendingar:

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang
- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar
- Barnið stjórnar vinum og útilokar einhvern úr vinahópnum
- Barnið er ógnandi í samskiptum
- Barnið talar niðrandi um aðra.



Hvað getið þið gert?

- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin
- Fylgst vel með barninu og lagt ykkur fram um að kynnst vinum þess og hvernig það ver fritíma sínum
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

Foreldrar - fylgist með samskiptum barna

Einelti viðgengst oft vegna þess að nemendur vilja ekki vera stimplaðir sem klöguskjóður. Ræðið við börnin ykkar um muninn á því að klagja og segja frá. Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum til aðstoðar sem líður illa.

Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna og grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri. Foreldrar eru hvattir til að ræða um líðan og samskipti við börnin. Mikilvægt er að hafa strax samband við umsjónarkennara til að ræða áhyggjur af líðan barnsins í skólanum eða ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi í félagahópnum. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi að sporna við einelti.

Próunarverkefni í gangi

Í vetur eru tvö formleg próunarverkefni í gangi hjá okkur í Hörðuvallaskóla. Annað þeirra snýr að breyttum kennsluháttum á unglingastigi en þar höfum við stokkað töluvert upp skipulag á stundaskrá og húsnæði. Markmiðið er að gefa nemendum aukið val um viðfangsefni og nálgun að náminu á hverjum tíma, en jafnframt auka ábyrgð þeirra á eigin námi. Hitt próunarverkefnið ber hið skemmtilega nafn „Lært með hundi“ en það snýst um að Anna Hermannsdóttir sérkennari hefur aðstöðu í einni útistofunni á skólalóðinni og nýtur þar aðstoðar ferfætlinga við þjálfun í félagshæfni og samskiptum nemenda. Bæði þessi verkefni hlutu dálitinn fjárstyrk úr Sprotasjóði á síðasta ári sem gerir okkur kleift að setja í þau aukinn tíma til skipulagningar og mats. Við segjum betur frá þessum verkefnum í næstu fréttabréfum og eftir því sem vinnunni við þau vindur fram.

Bókasafn Kópavogs

| bokasafn.kopavogs.is

Nýjung á Bókasafni Kópavogs Ráðgjöf fyrir innflytjendur

Bókasafn Kópavogs mun í haust bjóða upp á ráðgjöf fyrir innflytjendur í Kópavogi í samstarfi við Soumia I. Georgsdóttur. Soumia hefur búið á Íslandi í 17 ár, er viðskiptafræðingur að mennt og talar íslensku, arabísku, ensku og frönsku.

Opnir viðtalstímar:

Staður: Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a, 2. hæð

Tímasetning: Þriðjudaga kl. 13:00–16:00

Ekki þarf að panta tíma fyrirfram, tímarnir eru ókeypis og fullum trúnaði er heitið.

Símatímar:

Mánudaga til miðvikudaga kl. 10:00–12:00

Símanúmer: 665 2190



جديد في خريف هذا العام

ستقدم المكتبة العمومية لمدينة كوبا وغور بالتعاون مع سمية إ. جورجسدوتير، خدمات للمهاجرين القاطنين بالمدينة.

سمية حاصلة على درجة اقتصاد من جامعة ريكيافيك وتتحدث اللغة الأيسلندية، العربية، الإنجليزية والفرنسية.

جلسات الاستشارة المفتوحة

كل يوم ثلاثاء من الساعة الواحدة الى حد الساعة الرابعة بعد الزوال بالمكتبة العمومية لمدينة كوبا وغور، بالطابق الثاني.

لا حاجة للحصول على موعد. الجلسات مجانية وتتضمن السرية الكاملة.

لحجز موعد ولجلسات بالهاتف

يمكنك الاتصال من يوم الاثنين إلى يوم الأربعاء من الساعة 10:00 صباحا الى حد الساعة 12:00 ظهرا

رقم الهاتف: 665 2190

New this fall at Kópavogur Public Library Counselling for Immigrants

Kópavogur Public Library will be offering counselling for immigrants living in Kópavogur, in collaboration with Soumia I. Georgsdóttir. Soumia has lived in Iceland for 17 years, has a business degree from Reykjavík University, and speaks Icelandic, Arabic, English and French.

Open counselling sessions:

Place: Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a, 2nd floor

Time: Tuesday from 13:00–16:00

No need to make an appointment, free of charge, and full confidentiality is guaranteed.

Phone counselling sessions:

Monday – Wednesday from 10:00 to 12:00

Phone number: 665 2190

Færðu ekki tölvupóst frá skólanum?

Eitthvað virðist bera á að tölvupóstur sem sendur er frá skólanum í gegnum mentorkerfið skili sér ekki til foreldra. Líklegasta skýringin á þessu er að pósturinn fari í „ruslpóst“ þar sem sum póstkerfi flokka póst frá mentor sem „spam“ eða ruslpóst. Þetta er t.d. þekkt hjá þeim sem eru með gmail. Þá þarf að skoða hvort póstur sé í ruslpósthólfinu og kenna póstkerfinu að þekkja að póstur frá mentor sé ekki rusl - sem er í flestum tilfellum einfalt stillingaratriði..

Sleppistæði við Vatnsendaveg

Við biðjum foreldra um að virða að sleppistæðin við Vatnsendavegin eru einungis ætluð til að stoppa og hleypa nemendum út en ekki ætluð sem bílastæði meðan foreldrar sinna erindum sínum innan skólans. Því miður ber við að bílum er lagt þarna í nokkurn tíma þannig að þeir sem vilja nota stæðin sem sleppistæði komast ekki að og neyðast þá til að fara inn á bílastæði skólans sem eykur þar umferðina.. Samsagt, sleppistæði eru bara fyrir stutt stopp!

Dagskrá Kúlunnar í október:

Mánudagur	Miðvikudagur	Föstudagur
2. október 19:30-22:00 Opið hús	4. október 17:00-18:00 Kósí 19:30-22:00 Karaóki	6. október 20:00-22:00 Lazer Tag Landsmót Samfés 6.-8. okt
9. október 17:00-19:00 Miðstigsball 19:30-22:00 Opið hús / landsleikur	11. október 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Kökukeppni	
16. október 17:00-18:30 Starfsmannafundur 19:30-22:00 Forvarnarvika	18. október 17:00-18:30 Ferð í nytjamarkað 19:30-22:00 Forvarnarvika	20. október 20:00-23:00 Bíó og pizza
23. október 17:00-18:30 7. bekkjar opnun 19:30-22:00 Stelpukvöld	25. október 17:00-18:30 Opið hús (kúlucrow) 19:30-22:00 Strákakvöld	
30. október 17:00-18:30 – Lokað 19:30-22:00 Hjartsláttur		

Gallerí Hörðuvallaskóla

Við vekjum athygli á því að á Facebook er að finna síðuna Gallerí Hörðuvallaskóla þar sem má sjá myndir og myndbönd af vinnu og verkum nemenda skólans í list- og verkgreinum. <https://www.facebook.com/gallerihorduvalla> Hér má sjá nokkur sýnishorn:

**Læsissáttmáli Heimila og skóla**

Á heimasíðu Heimila og skóla er margt fróðlegt að finna en þar á meðal er læsissáttmáli sem er leiðarvisir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér sáttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna en þarna er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar sem geta gagnast vel við lestrarþjálfunina. Sjá vefslóðina:

<http://www.heimiliogskoli.is/laesissattmali/>



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	3. Nauthakkabuff m/ brúnni sósu, kartöflu- mús og rabarbarasultu Salatbar og ávextir.	4. Hrísgrjónagrautur með kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	5. Fiskiborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og papriku, kartöflubátum og sósu. Ávextir.	6. STARFSDAGUR DÆGRADVÖL LOKUÐ	7.
8.	9. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	10. Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	11. Heitur pastaréttur m/ pastaskrúfum, beikoni, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	12. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í Doritossósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	13. Lambagúllas í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	14.
15.	16. Ýsa í orlý m/ brúnum hrísgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir. Opin vika...!!	17. Kjúklingabollur í BBQ m/ brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Salatbar og ávextir.	18. Píta með skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir. Spilakvöld Foreldra- félagsins kl. 17-19	19. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	20. Grisasnitsel m/ bernaise- sósu og soðnum kartöflum Salatbar og ávextir.	21.
22.	23. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	24. Skrý m/ rjómaþlandi og skonsur m/ smjöri og osti. Ávextir.	25. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir. Íþróttamót á miðstigi	26. VETRARFRÍ DÆGRADVÖL LOKUÐ	27. VETRARFRÍ DÆGRADVÖL LOKUÐ	28.
29.	30. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir.	Munið foreldraröltið Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans http://www.horduvallaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt/ Októbervaktirnar eru sem hér segir: 6. október—7.H 20. október—7.R 13. október—7.I 27. október—Heimavarnarliðið			

Muna:

- **Dægradvöl er lokuð á starfsdegi 6. okt og í vetrarleyfinu 26.-27. október**
- **Opin vika 16.-20. okt - fyrirkomulag auglýst síðar**
- **Spilakvöld Foreldrafélagsins 18. okt kl. 17-19**

Heimanámsaðstoð á Bókasafni Kópavogs

Aðstoðin er tvisvar í viku:

- Á aðalsafni á þriðjudögum kl. 14:30-16:30
- Á Lindasafni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30